

# BOLUNGARVÍKURKAUPSTAÐUR

## Urðunarstaður á Hóli

Tillaga að deiliskipulagi

Greinargerð og umhverfisskýrsla

---

14. júlí 2017



BOLUNGARVÍK

## SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagstillaga þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr.  
41. gr. skipulagslaga nr.123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn

þann \_\_\_\_\_

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í  
B-deild Stjórnartíðinda  
þann \_\_\_\_\_

Skipulag þetta er samþykkt með fyrirvara um niðurstöðu um  
matsskyldu og hugsanlegs mats á umhverfisáhrifum skv.  
lögum nr. 106/2000.

## ÖNNUR SKIPULAGSGÖGN

Urðunarstaður á Hóli  
Tillaga að deiliskipulagi  
Uppdráttur, dags. 14. júlí 2017. A1 – mkv. 1:2000.

## EFNISYFIRLIT

---

|          |                                      |           |          |                                    |           |
|----------|--------------------------------------|-----------|----------|------------------------------------|-----------|
| <b>1</b> | <b>INNGANGUR.....</b>                | <b>1</b>  | <b>4</b> | <b>DEILISKIPULAG .....</b>         | <b>19</b> |
| 1.1      | Aðdragandi og markmið.....           | 1         | 4.1      | Urðun .....                        | 19        |
| 1.2      | Matsskylda og leyfi.....             | 2         | 4.2      | Efnisvinnsla .....                 | 19        |
| 1.3      | Málsmeðferð og kynning .....         | 2         | 4.3      | Mengunarvarnir .....               | 19        |
| <b>2</b> | <b>FORSENDUR .....</b>               | <b>4</b>  | 4.4      | Umferð .....                       | 20        |
| 2.1      | Gildandi stefnumörkun .....          | 4         | 4.5      | Lóð og byggingarreitur.....        | 20        |
| 2.2      | Skipulagssvæðið .....                | 6         | 4.6      | Verndun .....                      | 20        |
| 2.3      | Staðhættir .....                     | 7         | 4.7      | Fornminjar / menningarminjar ..... | 20        |
| 2.4      | Minjar .....                         | 8         | 4.8      | Frágangur .....                    | 21        |
| 2.5      | Náttúruvá .....                      | 9         | 4.9      | Gróður.....                        | 21        |
| 2.6      | Gróður og dýralíf .....              | 9         | 4.10     | Náttúruvá.....                     | 21        |
| 2.7      | Mengun frá urðunarstað .....         | 10        | 4.11     | Vöktun .....                       | 21        |
| <b>3</b> | <b>UMHVERFISMAT.....</b>             | <b>13</b> | <b>5</b> | <b>HEIMILDIR .....</b>             | <b>22</b> |
| 3.1      | Valkostir .....                      | 13        |          |                                    |           |
| 3.2      | Áhrifapættir.....                    | 13        |          |                                    |           |
| 3.3      | Umhverfispættir.....                 | 13        |          |                                    |           |
| 3.4      | Framkvæmd deiliskipulagstillögu..... | 14        |          |                                    |           |
| 3.5      | Samanburður valkosta .....           | 17        |          |                                    |           |
| 3.6      | Niðurstaða umhverfismats .....       | 18        |          |                                    |           |



# 1 INNGANGUR

Bolungarvíkurkaupstaður hyggst framlengja leyfi fyrir urðun á núverandi urðunarstað og efnisnámu á Hóli. Deiliskipulagið tekur til urðunarstaðarins auk núverandi varavatnshreinsistöðvar. Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020. Deiliskipulagið tekur mið af staðháttum, s.s. nálægð við byggð, minjar, lífríki og landslag.

Í gildandi aðalskipulagi segir að hætta skuli urðun og efnisvinnslu á skipulagstímanum í samræmi við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Vinna við svæðisáætlunina er ekki hafin og því verður lokun urðunarstaðarins frestað þar til heildarendurskoðun aðalskipulagsins hefur farið fram.

Deiliskipulagið er háð umhverfismati áætlana. Samhliða skipulagsvinnunni er unnið umhverfismat þar sem metin eru heildaráhrif urðunarinnar miðað við raunhæfan valkost. Umhverfismat þetta má sjá í kafla 3. Í umhverfisskýrslu gildandi aðalskipulags eru áhrif urðunar metin í samanburði við aðra valkosti.

## 1.1 AÐDRAGANDI OG MARKMIÐ

Í forathugun vegna sorpeyðingar árið 1990 var skoðuð hagkvæmni sorpurðunar og sorpbrennslu, auk mögulegrar staðsetningar fyrir urðun. Svæðin sem helst voru talin koma til greina, voru Arnardalur, Bolungarvík og Önundarfjörður. Í kjölfarið var gert frummat á umhverfisáhrifum urðunarstaðar við Klofning í Önundarfirði en svæðið hafði verið nýtt sem slíkt til margra ára. Skipulagsstjóri ríkisins úrskurðaði um matið 9. október 1995. Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir því að svæðið við Klofning nýttist til 80-100 ára en starfsleyfið gildir aðeins fyrir fyrsta áfanga sem spannar 10.000 m<sup>2</sup>

svæði. Funi, sorpbrennslustöð á Ísafirði, var tekinn í notkun árið 1994 og var allt brennanlegt sorp frá Bolungarvík og fleiri sveitarfélögum brennt þar. Sorpbrennslu í Funa var hætt í lok árs 2010. Eftir að Funi lokaði hefur öllu heimilissorpi verið keyrt í Fíflholt. Flokkun úrgangs hefur aukist til muna frá lokun Funa.<sup>1</sup>

Urðunarstaður í landi Hóls hefur starfsleyfi þar sem heimilt er að urða allt að 500 t af óvirkum úrgangi á ári og jarðgera lífrænan úrgang. Starfsleyfið var gefið út í maí 2006 og gildir til 1. júlí 2018. Urðunarstaðurinn er umdeildur vegna nálægðar við Hólsá og margvíslega starfsemi m.a. Hólskirkju, sem er friðuð, kirkjugarð og Grunnskóla Bolungarvíkur. Í nágrenninu er auk þess að finna fornminjar og nýtur það svæði hverfisverndar í gildandi aðalskipulagi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur gefið út Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024 skv. lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Í lögum segir einnig að sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, skuli semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn og að áætlunin skuli fylgja fyrrnefndri landsáætlun. Þar segir jafnframt að í áætluninni skuli m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að vinnu við svæðisáætlunina ljúki á gildistíma þess og að urðunarstaðnum verði lokað í framhaldinu.

Vinna við gerð svæðisáætlunarinnar er ekki hafin. Gert var ráð fyrir að sveitarfélög á Vestfjörðum ynnu sameiginlega að þessari áætlun, enda hafa sveitarfélögin nýtt sameiginlegar lausnir í sorpmálum síðustu áratugina. Þar til svæðisáætlunin hefur verið staðfest þarf því að finna lausn til bráðabirgða. Ekki er talið skynsamlegt að opna nýjan urðunarstað til bráðabirgða og er því ráðgert að nýta áfram núverandi stað tímabundið.

<sup>1</sup> Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. (2017). Sigvatn frá Urðunarstaðnum Hóli, Bolungarvík 2012-2017.

Markmið deiliskipulagsins er að framlengja nýtingu urðunarstaðarins á Hóli til takmarkaðs tíma eða þar til viðunnandi lausn finnst fyrir meðhöndlun óvirkis úrgangs af svæðinu. Einnig er markmiðið að auka svigrúm fyrir núverandi varavathshreinsistöð.

## 1.2 MATSSKYLDA OG LEYFI

### MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM FRAMKVÆMDA

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 kveða á um það að meta skuli umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem taldar eru geta haft í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið. Í 1. viðauka laganna eru taldar upp þær framkvæmdir sem kunna að vera eða eru matsskyldar. Framkvæmdirnar eru flokkaðar í þrjá flokka, þ.e. A, B og C. Framkvæmdir í A flokki er ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum en metið er í hverju tilviki fyrir sig í flokki B og C hvort þær skuli háðar slíku mati.

Í 1. viðauka fyrrnefndra laga er fjallað um förgunarstöðvar í töluliðum 11.02 og 11.03. Töluliður 11.02 er í flokki A og á við förgunarstöðvar sem meðhöndla meira en 500 t á ári. Töluliður 11.03 er í flokki B og á við:

*Förgunarstöðvar þar sem úrgangur er brenndur, meðhöndlaður með efnum eða urðaður og ekki eru tilgreindar í flokki A, tölulið 11.02.*

Gert er ráð fyrir að urðun á allt að 500 t af óvirkum úrgangi á ári í landi Hóls og fellur framkvæmdin þar með undir tölulið 11.03. Urðunarstaðurinn kann því að vera háður mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdaraðili skal tilkynna áformin til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð mati. Bolungarvíkurkaupstaður vinnur að gerð tilkynningarinnar samhliða gerð deiliskipulagsins.

### UMHVERFISMAT ÁÆTLANA

Skipulagsáætlanir eru háðar umhverfismati, skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, ef þær fela í sér stefnumörkun sem varðar landnotkun og framkvæmdir sem eru tilgreindar í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Eins og fram kom hér að framan eru förgunarstöðvar tilgreindar í lögnum. Þar af leiðandi fellur deiliskipulagið undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Umhverfisskýrsla er því unnin samhliða gerð deiliskipulagsins og fléttuð inn í greinagerð þessa. Nánar er fjallað um þetta í kafla 3 um umhverfismat.

### LEYFI

Urðunarstaður á Hóli er háður eftirfarandi leyfum:

- Starfsleyfi frá Umhverfisstofnun skv. 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- Framkvæmdaleyfi frá sveitarfélagi skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Öll efnistaka er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Að auki er efnistaka, sem getur haft áhrif á lífríki í ám og vötnum, háð leyfi Fiskistofu skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

## 1.3 MÁLSMEÐFERÐ OG KYNNING

Deiliskipulags- og matslýsing fyrir urðunarstað á Hóli var auglýst 11. apríl 2017 með fresti til að koma með ábendingar til 12. maí. Lýsingin var einnig send umsagnaraðilum á sama tíma. Umsagnir bárust frá:

- Vegagerðinni, dags. 3. maí 2017 – gerir ekki athugasemd
- Ísafjarðarbær, 26. apríl 2017 – gerir ekki athugasemd

- Fiskistofa, 23. júní 2017

Fiskistofa bendir á að huga verði að því hvaða leiðir eru færar til að minnka líkur á því að framkvæmd muni hafa áhrif á dýralíf í Hólsá.

Fiskistofa bendir einnig á að framkvæmd eins og gert er ráð fyrir í kynntu deiliskipulagi er háð leyfi Fiskistofu en um það gildir 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða 29. apríl 2017 - gerir ekki athugasemd

- Skipulagsstofnun, 11. maí 2017

Skipulagsstofnun bendir á eftirfarandi:

- Í töflu 5.2 um vinsun umhverfispátta sem tengjast skipulagi þarf einnig að vísa til mats á umhverfisáhrifum.
- Í töflu 5.3. um umhverfisviðmið þarf að vísa til reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum
- Gera þarf grein fyrir niðurstöðum vöktunar á frárænnslu frá urðunarstaðnum.

- Umhverfisstofnun, 2. júní 2017

Umhverfisstofnun bendir á að í dag sé ekki til mæliáætlun yfir frárænnslu frá urðunarstaðnum. Mikilvægt er, að mati stofnunarinnar, að unnið sé að vöktunaráætlun og mæliáætlun fyrir svæðið og að þær áætlanir komi fram í umfjöllun um mengunarvarnir yfirborðsvatns og grunnvatns í umhverfisskýrslu deiliskipulagsins.

Umhverfisstofnun telur að þar sem að Hólsá rennur við hlið urðunarstaðarins og hætta er á leka frá urðunarstaðnum skuli lög um stjórnnun vatnamála nr. 36/2011 að vera til viðmiðunar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að vinna við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs verði hafin sem fyrst, einnig bendir stofnunin

á að gera þurfi mæliáætlun um vöktun á frárænnslu frá urðunarstaðnum sem fyrst.

- Veðurstofa Íslands, 6. maí 2017 – gerir ekki athugasemd

Drög að deiliskipulagstillögu (á vinnslustigi) ásamt umhverfismati verða kynnt á heimasíðu bæjarins í samræmi við 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga, áður en tillagan verður tekin til afgreiðslu í bæjarstjórn.

Að fengnu samþykki í bæjarstjórn er tillagan auglýst í dagblaði sem er gefið út á landsvísi sem og í héraðsfréttablaði. Skipulagstillagan mun liggja frammi á Bæjarskrifstofu Bolungarvíkur og hugsanlega öðrum áberandi stöðum. Tillögurnar verða jafnframt aðgengilegar á vefsíðunni [www.bolungarvik.is](http://www.bolungarvik.is).

Þegar frestur til athugasemda er liðinn mun bæjarstjórn fjalla aftur um tillöguna. Þar verður tekin afstaða til þeirra athugasemda sem kunna að hafa borist og tillögunni breytt ef ástæða er talin til, auk þess sem bæjarstjórn samþykkir deiliskipulagstillöguna. Í kjölfarið verður samþykkt deiliskipulag ásamt samantekt á málsmæðferð, athugasemdum og umsögnum sent til Skipulagsstofnunar til yfirferðar. Samþykkt deiliskipulag verður að lokum auglýst í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við skipulagslög og tekur það þar með gildi.

*til flokkunar og endurvinnslu, sjálfbærar ofanvatnslausnir og aukna nýtni við auðlindanotkun.“*

## 2 FORSENDUR

Urðunarstaður í landi Hóls hefur starfsleyfi þar sem heimilt er að urða allt að 500 t af óvirkum úrgangi á ári og jarðgera lífrænan úrgang. Starfsleyfið var gefið út í maí 2006 og gildir til 1. júlí 2018. Urðunarstaðurinn er umdeildur vegna nálægðar við Hólsá og margvíslega starfsemi m.a. Hólskirkju, sem er friðuð, kirkjugarð og Grunnskóla Bolungarvíkur. Í nágrenninu er auk þess að finna fornminjar og nýtur það svæði hverfisverndar í gildandi aðalskipulagi. Gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir að urðun og efnisvinnslu verði hætt á skipulagstímanum í samræmi við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Vinna við gerð svæðisáætlunarinnar er ekki hafin. Gert var ráð fyrir að sveitarfélög á Vestfjörðum ynnu sameiginlega að þessari áætlun, enda hafa sveitarfélögin nýtt sameiginlegar lausnir í sorpmálum síðustu áratugina. Þar til svæðisáætlunin hefur verið staðfest þarf því að finna lausn til bráðabirgða.

### 2.1 GILDANDI STEFNUMÖRKUN

#### LANDSSKIPULAGSSTEFNA

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. laganna skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar.

Í Landsskipulagi kemur eftirfarandi fram í kafla 3.3.2 um heilnæmt umhverfi:

*„Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. Sérstaklega verði hugað að umhverfissvænum lausnum þar sem það á við, svo sem varðandi möguleika*

#### AÐALSKIPULAG

Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020 var staðfest 2. maí 2011. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir urðunarstað og efnistökusvæði í landi Hóls en að svæðinu verði lokað á skipulagstímanum (2008-2020). Í aðalskipulaginu segir:

*„Gert er ráð fyrir urðun á óvirkum úrgangi við Hól á fyrri hluta skipulagstímabilsins en stefnt að því að loka urðunarstaðnum í kjölfar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs, sem þegar er hafin vinna við í samstarfi við nágrannasveitarfélögin. Urðun við Hól skal vera í samræmi við starfsleyfi og miða að því að lágmarka neikvæð áhrif eins mikið og mögulegt er. Sérstaklega skal þess gætt að fornminjum í nágrenninu verði ekki raskað. Jafnframt skal áhersla lögð á að allir móttökustaðir fyrir sorp, þ.m.t. gámasvæði, verði afgirtir þannig að sjónmengun verði í lágmarki,..“*

Svæðið í kringum urðunarstaðinn er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota, en sunnan þess er skilgreint landbúnaðarsvæði. Austan efnistökusvæðisins er íbúðarsvæði og svæði fyrir þjónustustofnanir, auk þess sem það svæði nýtur hverfisverndar. Austan svæðisins er jafnframt gert ráð fyrir gönguleið en reiðleið vestan við það.

Í gildandi aðalskipulagi er lögð áhersla á að sorpmál í sveitarfélaginu verði til fyrirmyndar og stuðli þannig að öryggi og heilbrigði íbúa og gesta. Eftirfarandi markmið eru sett í aðalskipulaginu:

- Fyrirkomulag sorpmála verði til fyrirmyndar og í sátt við íbúa sveitarfélagsins
- Öll umgengni um sorpförgunarsvæði og ásýnd þeirra verði til fyrirmyndar



- Meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg eða andrúmsloft
- Dregið verði úr myndun úrgangs og þeirri hættu sem förgun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma
- Stuðlað verði að endurnýtingu úrgangs
- Tryggt verði að spilliefni berist ekki út í umhverfið

Tafla 2-1 Ákvæði gildandi aðalskipulags.

| Svæði                                                                                                       | Ákvæði                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| E4 - Urðunarstaður við Hól<br>Urðun á allt að 500 t af óvirkum úrgangi á ári.<br>Tafla 11.2 í aðalskipulagi | Svæðið nýtt fyrst um sinn en urðun hætt á skipulagstímabilinu í samræmi við niðurstöður svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs.<br>Nýting svæðisins verði í samræmi við gildandi starfsleyfi.<br>Áhersla lögð á vandaðan frágang og snyrtilega umgengni vegna nálægðar við þéttbýli, útivistarsvæði, fornminjar og þjóðminjaverndarsvæði.     |
| E4 - Efnistökusvæði Malar- og sandnáma 1 ha – 20.000 m <sup>3</sup><br>Tafla 8.8 í aðalskipulagi            | Námunni verður lokað fyrri hluta skipulagstímabils, samhliða lokun urðunarstaðarins, og hún ekki nýtt eftir það.<br>Námusvæði skal falla sem best að umhverfi eftir frágang.<br>Sérstaklega skal gætt að nálægð við fornminjar.                                                                                                             |
| Ú1 - Hóll. Hluti af stærra svæði. Innan hverfisverndarsvæðis H3<br>Tafla 10.1 í aðalskipulagi               | Svigrúm til uppbyggingar sem er í sátt við sögu svæðisins og gerir hana sýnilega.<br>Tryggja skal að hugsanlegar fornminjar spillist ekki.                                                                                                                                                                                                  |
| H3 - Hóll / 10,5 ha<br>Tafla 7.6 í aðalskipulagi                                                            | Tryggja skal að hugsanlegar fornminjar og menningarverðmæti spillist ekki.<br>Tryggja skal að framkvæmdir spilli ekki möguleikum á að gera sögu svæðisins sýnilega.<br>Hverfisverndin hefur ekki áhrif á núverandi landnotkun nema ef talið er að fornminjar geti spillst.                                                                  |
| Í2 - Íbúðarsvæði á Hóli / 0,7 ha<br>Tafla 7.4 í aðalskipulagi                                               | Svigrúm til stækkunar húsa og breytinga.<br>Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis h3 og skulu allar framkvæmdir taka mið af ákvæðum hverfisverndar, sbr. Kafli 7.4.3 hverfisvernd í þéttbýli.<br>Tryggja skal að Hólskirkja verði áfram kennileiti í Bolungarvík, þrátt fyrir hugsanlega uppbyggingu á svæðinu.<br>Utan snjóflóðahættusvæða. |
| Þ3 - Hólskirkja og -kirkjugarður / 0,23 ha<br>Byggð 1908<br>Tafla 9.3 í aðalskipulagi                       | Friðuð skv. lögum um húsafriðun nr. 104 / 2001.<br>Útlit og umhverfi kirkju og kirkjugarðs verndað sem heild.                                                                                                                                                                                                                               |

Tafla 2-2 Stefna gildandi aðalskipulags.

| Almenn nýting    | Stefna                                                                                                                                                                                                                                                                             |
|------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Landbúnaðarsvæði | Gert er ráð fyrir að landbúnaður verði stundaður í Tungudal og Syðridal.<br>Á Hóli er landbúnaðarland innan hverfisverndarsvæðis H3. Hverfisverndin hefur engin áhrif á hefðbundin landbúnaðarnot, svo fremi sem þau hafi ekki áhrif á fornminjar eða menningarverðmæti á svæðinu. |
| Gönguleiðir      | Staðsetning þeirra er ekki nákvæm, sérstaklega ekki í dreifbýli. Nákvæm lega og útfærsla verður ákvörðuð í deiliskipulagi eða á framkvæmdastigi.                                                                                                                                   |
| Reiðleiðir       | Sérstök áhersla er lögð á að reiðleiðir liggi þannig að sem minnst skörun verði við aðra umferð.<br>Lögð er áhersla á að nýta aflagða vegi sem reiðleiðir, þar sem það er mögulegt og skarast ekki við önnur not.                                                                  |
| Fornminjar       | 20 m lágmarksfjarlægð skógræktar.<br>Þar sem fornminjar eru hluti af stærri heild eða menningarlandslagi skal fjarlægð aukin þannig að heildarásýnd eða verndargildi spillist ekki.                                                                                                |

## DEILISKIPULAG

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu eða á nærliggjandi svæðum.

## LANDSÁÆTLUN UM MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið gaf út árið 2013 landsáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir árin 2013-2024. Áætlunin tekur á myndun úrgangs á landvísu og á að vera til leiðbeiningar fyrir sveitarfélög við gerð svæðisbundinna áætlana.


## AÐRAR ÁÆTLANIR OG STEFNUSKJÖL

Auk þeirra áætlana sem hafa verið nefndar hér að framan er einnig tekið mið af neðangreindum áætlunum og stefnuskjöllum í deiliskipulaginu. Á meðal þessara áætlana og stefnuskjala eru:

- Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi – stefnumörkun til 2020
- Menningarstefna í mannvirkjagerð
- Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019
- Hættumat vegna ofanflóða í sveitarfélaginu

## 2.2 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagssvæðið er í vestanverðum hólnum sem bærinn Hóll stendur á, fyrir mynni Tungudals í Bolungarvík. Skipulagssvæðið er um 4,7 ha að stærð og að hluta grafið inn í hólinn. Svæðið liggur að lóðarmörkum Hóls 3 en afmarkast að öðru leyti af túnum og vegslóðum (mynd 2-1).



Mynd 2-1 Mörk deiliskipulagsins við Hól.

## 2.3 STAÐHÆTTIR

Hóll er gamalt höfuðból og kirkjustaður og er hóllinn kennileiti í Bolungarvík. Bæjarstæðið er efst á hólum í um 22 m h.y.s. en þar er kirkja og kirkjugarður auk íbúðarhúsa. Hóllinn einkennist að öðru leyti af ræktuðum túnnum sem eru nytjuð. Sunnan og vestan hólans eru einnig ræktuð tún en ofan þeirra er fjallið Ernir, tignarlegt með bröttum skriðurunnum hlíðum. Innan við 100 m norðan við topp hólans rennur Hólsá í um 5 m h.y.s. og handan hennar er stærstur hluti þéttbýlisins. Austan svæðisins er lítill hluti íbúðarbyggðarinnar ásamt nýrri kirkjugarði en aðkoma að urðunarstaðnum er um það svæði. Skipulagssvæðið er þó að miklu leyti í hvarfi frá byggðinni.

Handan Hólsár eru grunnskóli, leiksvæði, sundlaug og tjaldsvæði neðar við ána. Gönguleiðir eru víða í nágrenninu og eru tvær göngubrýr yfir ána nærri urðunarstaðnum.

Hólsá rennur til sjávar í Bolungarvíkurhöfn. Við höfnina rennur áin um rör undir götuna Sjávarbraut sem tengir saman hafnarsvæði bæjarins. Þar fyrir ofan þverar Þjóðvegur ána og á svipuðum stað er einnig eldri brú sem nú er nýtt sem göngubrú. Farvegur neðsta hluta árinna hefur verið þrengdur með hleðslum.

### NÚVERANDI NÝTING

Efnistaka hefur verið á skipulagssvæðinu síðan um 1980. Efnistöku hefur að mestu verið hætt en svæðið er óráðgengið.

Sorpurðun frá Bolungarvíkurkaupstað hófst á Hóli í kringum 1985 og hefur allt óbrennanlegt sorp verið urðað þar. Heimilissorp var flutt í sorpbrennslustöðina á Skarfaskeri í Hnífsdal og síðar í Funa á Ísafirði, þar til brennslu var hætt í lok árs 2010. Í undantekningatilvikum var heimilissorp þó urðað á Hóli, s.s. vegna bilana í brennslustöðvunum. Magn þess sorps sem urðað hefur verið á staðnum er ekki þekkt.

Eftir að Funa var lokað hefur heimilissorp verið urðað í Fíflholtum á Mýrum. Í dag er aðeins urðaður óvirkur úrgangur á Hóli, í samræmi við starfsleyfi sem gildir til 1. júlí 2018. Skv. starfsleyfinu er heimilt að urða allt að 500 t af óvirkum úrgangi á ári. Einnig er heimilt að jarðgera eða endurvinnna garðaúrgang og annan lífrænan úrgang á svæðinu.

Vatnshreinsistöð fyrir vatn úr vatnsbólum Bolungarvíkur er í Minni-Hlíð, utan skipulagssvæðisins. Varavatnshreinsistöð er staðsett austast á skipulagssvæðinu, næst Hólsá.

### BÚSETJA OG NYTJAR

Jörðin Hóll er í eigu Bolungarvíkurkaupstaðar. Búskapur er ekki lengur stundaður á jörðinni en tún eru nytjuð. Á Hóli er kirkja og kirkjugarður ásamt þremur íbúðarhúsum. Þessi mannvirki eru öll utan skipulagssvæðisins (tafla 2-3).

| Lóð                          | Tegund                             | Byggingarár |
|------------------------------|------------------------------------|-------------|
| Hóll – 2300 m <sup>2</sup>   | Kirkja – 160,5 m <sup>2</sup>      | 1908        |
| Hóll 1 – jörð í byggð        | Einbýlishús - 180,1 m <sup>2</sup> | 1963        |
| Hóll 2 – 600 m <sup>2</sup>  | Einbýlishús - 101,2 m <sup>2</sup> | 1925        |
|                              | Bílskúr - 65 m <sup>2</sup>        | 2001        |
| Hóll 3 – 3100 m <sup>2</sup> | Einbýlishús - 173,5 m <sup>2</sup> | 1950        |

Tafla 2-3 Byggingar og lóðir á Hóli.

## 2.4 MINJAR

### MENNINGARMINJAR


Hólskirkja, sem var reist árið 1908, var friðuð árið 1990 skv. aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir Bolungarvíkurkaupstað (Ragnar Edvardsson 1996, 1997 og 2000). Skv. fornleifaskránni er Hóll fornt höfuðból og kirkjustaður, en líklegt er talið að þar hafi verið bænhús allt frá kristnitöku. Hóll stendur í miðju byggðarlaginu og flestar jarðir í Bolungarvík tilheyrðu áður jörðinni en voru seldar þaðan fyrir 18. öld. Öll tún jarðarinnar hafa verið sléttuð með jarðýtu og eru nytjuð þó ekki sé búskapur lengur á Hóli.

Í landi Hóls eru skráðir 29 minjastaðir, þar af eru sex á bæjarhólinum. Þrír þeirra eru taldir í mikilli hættu vegna framkvæmda og skipulags samkvæmt fornleifaskránni. Í gildandi aðalskipulagi nýtur bæjarhóllinn hverfisverndar (merkt H3) vegna minja um höfuðbólið. Mörk skipulagsins ná til Hverfisverndarsvæðisins en urðunarstaðurinn/náman er utan þess. Um hverfisverndarsvæðið segir í gildandi aðalskipulagi:

„Hverfisverndarsvæði H3 nær til þess svæðis þar sem líkur eru á að minjar höfuðbólsins Hóls sé að finna, skv. upplýsingum frá minjaverði Vestfjarða. Hverfisverndinni er ætlað að tryggja að hugsanlegar fornminjar spillist ekki við framkvæmdir og að uppbygging á svæðinu spilli ekki möguleikum á að gera sögu svæðisins sýnilega. Áhersla er lögð á að á skipulagstímabilinu verði gerð nákvæm fornleifaskráning á svæðinu.“






Mynd 2-2 Staðsetning bygginga á bæjarhólnum á Hóli; 001-bæjarhóll, 002-kirkja, 003-kirkjugarður, 004-horfin hlaða, 012-horfin útihús og 014-horfin útihús (Ragnar Edvardsson 1996).

## NÁTTÚRMINJAR

Áin Hólsá rennur neðan skipulagssvæðisins til sjávar í Bolungarvíkurhöfn. Ekki eru aðrar náttúruminjar innan skipulagssvæðisins sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

## 2.5 NÁTTÚRUVÁ

Hætta á ofanflóðum hefur verið metin fyrir hluta skipulagssvæðisins og er það utan hættusvæða skv. matinu. Skv. Ofanflóðakortasjá Veðurstofu Íslands eru ekki skráð snjóflóð innan skipulagssvæðisins. Veðurstofa Íslands gerði ekki athugasemd við lýsingu skipulagsins.



Mynd 2-3 Hættumatskort vegna ofanflóða og útlínur skráðra snjóflóða. Hóll er fyrir miðri myndinni (Ofanflóðakortasjá Veðurstofu Íslands, sótt 25.10.2016).

## 2.6 GRÓÐUR OG DÝRALÍF

Mosamelavist er algengust á skipulagssvæðinu og í nágrenni þess en verndargildi mosamelavistar er lágt. Nokkrar vistgerðir í nágrenni við skipulagssvæðið eru með hátt verndargildi s.s. runnamýravist, bugðupuntsvist og finnugsvist. Að auki er að finna starungsmýravist, en hún hefur mjög hátt verndargildi. Hér er þó aðeins um lítil svæði að ræða.

Fuglalíf í Bolungarvík og nágrenni er fjölskrúðugt, sérstaklega í björgum og votlendi, en aðstæður á og við Hól hafa ekki verið skoðaðar sérstaklega. Líklegt er að fuglalíf sé nokkuð við Hólsá, en að lífríkið beri merki þess að vera inni í þéttbýli.


Í aðalskipulagi Bolungarvíkur er lögð áhersla á að náttúrleg sérkenni í sveitarfélaginu varðveitist, s.s. umhverfi Hólsár.<sup>2</sup>

## 2.7 MENGUN FRÁ URÐUNARSTAÐ

Eftir að sorpbrennslustöðin Funi lokaði árið 2010, hefur flokkun sorps í Bolungarvík aukist til muna. Raftækjaúrgangur, plast, pappír og veiðarfæraúrgangur er flokkaður frá og komið í endurvinnslu. Timburúrgangur, sem til fellur, er malaður niður og nýttur sem fylling í jarðvegsmanir sem hindra eiga innsýn á urðunarstaðinn. Brotajárn sem fellur til er flutt til Hringrásar og garðaúrgangur sem til fellur tvo mánuði á ári er fluttur að Hóli til jarðgerðar. Allur úrgangur á að fara í gegnum gámastöðina í Bolungarvík þaðan sem flokkaður úrgangur er fluttur í burtu. Lítið á því að vera eftir af úrgangi sem fer til urðunar.<sup>2</sup>

Vegurinn að urðunarstaðnum er lokaður og hefur einungis verktaki aðgang að svæðinu.

Í gildnandi starfsleyfi fyrir urðun á óvirkum úrgangi að Hóli í Bolungarvík er ákvæði um að fylgjast skuli með sigvatni. Kröfur um eftirlitsmælingar eru að finna í grein 3.2 í starfsleyfinu og þar kemur fram að fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga í frárennsli og sigvatni skuli vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem kann að berast frá urðunarstaðnum. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur annast þessar mælingar undanfarin ár að beiðni Bolungarvíkurkaupstaðar.



Mynd 2-4 Sýnatökusvæðin tvö. Rauða örin sem er til vinstri á mynd sýnir sýnatökustaðinn ofar í læknum en rauða örin sem er nær miðri mynd sýnir sýnatökustaðinn úr læknum sem rennur undan haugnum.

Lækurinn sem sést á mynd 2-5 rennur undan haugnum. Hann er rauðleitur að sjá, m.a. vegna mýrarinnar í kringum svæðið en liturinn getur líka að hluta til stafað að urðun á brotajárni. Tekin hafa verið sýni úr læknum en sýnatökustaðinn má sjá á mynd 2-4. Árið 2015 var auk þess tekið sýni úr Hólsá ofan við skurðinn. Þann sýnatökustað má einnig sjá á mynd 2-4. Brunnar til sýnatöku hafa ekki verið settir niður. Neysluvatn Bolvíkinga er tekið úr Hlíðardalsá í Hlíðardal. Tekið er árlega sýni af neysluvatninu til efnamælinga og því er hægt að nota það sem viðmið fyrir ómengaðan viðtaka.

<sup>2</sup> Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. (2017). Sigvatn frá Urðunarstaðnum Hóli, Bolungarvík 2012-2017.

Niðurstöður mælinga árið 2015 voru þær að sýni sem tekin voru úr Hólsá fyrir ofan urðunarstað sýndu svipuð gildi og sýni úr neysluvatninu. Ekki eru tilgreind viðmiðunargildi í starfsleyfi en sýnin sem voru tekin voru borin saman við útskolunargildi í reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs. Gildin í læknum sem rennur undan urðunarstaðnum eru í sumum tilfellum eitthvað hærri en í sýninu sem var tekið ofar í læknum en öll gildin eru þó undir viðmiðunarmörkum. Niðurstöður gefa því til kynna að frárænnisli frá urðunarstaðnum að Hóli uppfylli kröfur sem settar eru í starfsleyfi og reglugerð um urðun úrgangs. Ekki eru því vísbendingar um að mengun berist frá urðunarstað og út í Hólsá.<sup>3</sup>



Mynd 2-5 Lækurinn sem rennur undan haugnum að Hóli

<sup>3</sup> Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. (2017). Sigvatn frá Urðunarstaðnum Hóli, Bolungarvík 2012-2017.



## 3 UMHVERFISMAT

Umhverfisskýrslan er unnin skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Umhverfismati er ætlað að stuðla að verndun umhverfis og sjálfbærri þróun í samræmi við fyrrnefnd lög. Metið er hvort þeir valkostir, sem settir eru fram til að ná markmiðum áætlunarinnar, muni hafa jákvæð, engin eða óveruleg, eða neikvæð áhrif á tiltekna umhverfispætti. Stefnumörkun og val skipulagsleiða skal taka mið af niðurstöðum þessa mats.

### 3.1 VALKOSTIR

Fjallað er um tvo valkosti í umhverfismatinu og þeir metnir og bornir saman. Jafnframt er skoðað hvernig þeir samrýmast markmiðum fyrirhugaðs deiliskipulags, sem og markmiðum Aðalskipulags Bolungarvíkur 2008-2020. Valkostirnir eru:

- Framkvæmd eins og lýst er í deiliskipulagi (tímabundið óbreytt ástand)
- Urðun á Hóli hætt og nýtt svæði tekið í notkun (tímabundið)

### 3.2 ÁHRIFAPÆTTIR

Í kafla 4 er fjallað um einstaka þætti þessarar deiliskipulagstillögu. Þeir þættir skipulagsins sem líklegir eru til að hafa áhrif á umhverfið, svokallaðir áhrifapættir, eru tilgreindir í töflu 3-1. Áhrifapættirnir eru misjafnlega umfangsmiklir og tekur matið mið af því. Ríkust áhersla er lögð á þau tilvik þar sem búast má við hvað mestum áhrifum af framfylgd deiliskipulagsins. Áhersla er lögð á að meta áhrifin heildstætt, þ.e. að tekið sé tillit til allra þeirra umhverfis- og áhrifapátta sem skipt geta máli við matið.

Tafla 3-1 Áhrifapættir sem teknir eru til skoðunar í umhverfismati deiliskipulagstillögu.

| Áhrifapættir |
|--------------|
| Urðun        |
| Efnisvinnsla |
| Umferð       |

### 3.3 UMHVERFISPÆTTIR

Umhverfispættir eru þeir þættir sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum við framfylgd skipulagsáætlunar. Í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er umhverfi skilgreint sem „samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, landslag og samspil þessara þátta.“

Í upphafi skipulagsvinnu er kannað hvaða þætti er nauðsynlegt að skoða m.t.t. umhverfisáhrifa. Við val á umhverfispáttum sem lagðir eru til grundvallar við umhverfismat áætlunarinnar er tekið tillit til umhverfisaðstæðna á skipulagssvæðinu.

Þeir umhverfispættir sem voru lagðir til grundvallar umhverfismatinu og teljast líklegir til þess að verða fyrir jákvæðum eða neikvæðum áhrifum við umhverfismat áætlunarinnar eru tilgreindir í töflu 3-2.



Tafla 3-2 Umhverfispættir sem lagðir eru til grundvallar umhverfismati.

| Umvhverfispættir                                                                                                 | Skýring                                                                                                                                                                                                   |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Náttúrufarslegir þættir</b>                                                                                   |                                                                                                                                                                                                           |
| Sjór strandsvæði<br>Gróður<br>Dýralíf                                                                            | Hugsanleg mengun kann að leita til sjávar um Hólsá.<br>Áhrif á uppgræðslu.<br>Kann að hafa áhrif á dýralíf í og við Hólsá.                                                                                |
| <b>Heilsa og öryggi</b>                                                                                          |                                                                                                                                                                                                           |
| Heilsufar<br>Óþægindi<br>Samfélagsöryggi                                                                         | Hugsanleg mengun.<br>Framkvæmdir.<br>Hugsanleg slyshætta                                                                                                                                                  |
| <b>Hagrænir og félagslegir þættir</b>                                                                            |                                                                                                                                                                                                           |
| Efnahagur og atvinnulíf<br>Útivist og tómstundir<br>Ferðamennska<br>Samgöngur<br>Efnisleg verðmæti<br>Landnotkun | Möguleikar til losunar úrgangs.<br>Útivistarsvæði í nágrenninu.<br>Nálægð við tjaldsvæði.<br>Umferð um Kirkjuveg. Göngu- og reiðleið í nágrenni.<br>Nálægð við byggð.<br>Getur haft áhrif á aðra nýtingu. |
| <b>Náttúru- og menningarminjar</b>                                                                               |                                                                                                                                                                                                           |
| Menningarminjar                                                                                                  | Hóll er gamalt höfuðból. Hverfisvernd vegna fornminja.                                                                                                                                                    |
| <b>Landslag</b>                                                                                                  |                                                                                                                                                                                                           |
| Ásýnd lands<br>Menningarlandslag                                                                                 | Sýnilegt frá hluta þéttbýlisins.<br>Hluti af búsetulandslagi Bolungarvíkur.                                                                                                                               |

### 3.4 FRAMKVÆMD DEILISKIPULAGSTILLÖGU

Áhrif áætlana á tiltekna umhverfispætti eru metin með samanburði fyrirfram gefinna umhverfisviðmiða og grunnástands umhverfisins.

Í töflu 3-3 eru umhverfisáhrif hvers umhverfispáttar fyrir sig skoðuð og þáttunum gefin einkunn. Taflan inniheldur einnig umhverfisviðmið og vísa, sem notuð eru sem mælikvarði til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagstillaga hefur í för með sér. Mögulegar einkunnir eru sýndar hér að neðan.

#### Skýringar

- |                                   |                                              |
|-----------------------------------|----------------------------------------------|
| <b>++</b> Veruleg jákvæð áhrif    | <b>--</b> Verulega neikvæð áhrif             |
| <b>+</b> Jákvæð áhrif             | <b>-</b> Neikvæð áhrif                       |
| <b>0</b> Engin eða óveruleg áhrif | <b>?</b> Óvissa um áhrif/ vantar upplýsingar |

Tafla 3-3 Umhverfismat deiliskipulagstillögu

| Umhverfispættir                | Framkvæmd deiliskipulagstillögu                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       | Vísar og viðmið                                                                                                                                                                                                                                                          |
|--------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Náttúrufarslegir þættir</b> |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       |                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| Sjór/ Strandsvæði              | <p><b>0</b></p> <p>Samkvæmt mælingum í læk sem rennur undan urðunarsvæðinu eru öll gildin undir viðmiðunarmörkum. Niðurstöður gefa því til kynna að frárennsli frá urðunarstaðnum á Hóli uppfylli kröfur sem settar eru í starfsleyfi og reglugerð um urðun úrgangs. Ekki eru vísbendingar um að mengun berist frá urðunarstað og út í Hólsá. Hætta á mengun eða minni vatnsgæðum á strandsvæði eða sjó í Bolungarvík er því takmörkuð. Mikilvægt er þó að áframhaldandi vöktun eiga sér stað.</p>                                                    | <p><b>Vísar:</b><br/>Vatnsgæði, mengun</p> <p><b>Viðmið:</b><br/>Lög um stjórnun vatnamála nr. 36/2011, reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs, Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024 , válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands</p>                                |
| Gróður og dýralíf              | <p>-</p> <p>Urðun fer fram á þegar röskuðu svæði. Svæðið er ekki sérstætt m.t.t. náttúrufars, en óheppilegt fyrst og fremst vegna nálægðar við byggð og Hólsá, en í aðalskipulagi Bolungarvíkur er lögð áhersla á að náttúrlegt umhverfi Hólsár varðveitist. Mosamelavist er mest áberandi í náttúrunni kringum skipulagssvæðið. Mosamelavist er með lágt verndargildi. Vistgerðir með hærra verndargildi finnast á svæðinu en í litlu magni. Líklegt er að fuglalíf sé nokkuð við Hólsá, en að lífríkið beri merki þess að vera inni í þéttbýli.</p> | <p><b>Vísar:</b><br/>Gróðurfar, mengun, náttúrminjar, fuglalíf, fiskgengd.</p> <p><b>Viðmið:</b><br/>Reglugerð nr. 738 / 2003 um urðun úrgangs , Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024, Náttúruverndaráætlun 2009-2013, válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands</p> |
| <b>Heilsa og öryggi</b>        |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       |                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| Heilsufar                      | <p><b>0</b></p> <p>Viðvera er mjög takmörkuð á svæðinu auk þess sem ekki er talin hætta vegna snjóflóða á stærstum hluta svæðisins.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               | <p><b>Vísar:</b><br/>Áhætta vegna ofanflóða</p> <p><b>Viðmið:</b><br/>Lög nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.</p>                                                                                                                                     |

| Umhverfispættir                       | Framkvæmd deiliskipulagstillögu                                                                                                                                                                                                                        | Vísar og viðmið                                                                                                                                 |
|---------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Hagrænir og félagslegir þættir</b> |                                                                                                                                                                                                                                                        |                                                                                                                                                 |
| Efnahagur og atvinnulíf               | <b>+/-</b><br>Svæðið er miðsvæðis og með góðu aðgengi sem getur verið jákvætt fyrir ákveðnar atvinnugreinar. Fyrir aðrar atvinnugreinar getur nálægð urðunarstaðarins hins vegar haft neikvæð áhrif, s.s. fyrir verslun- og þjónustu í næsta nágrenni. | <b>Vísar:</b><br>Aðgengi að útivist og náttúru, röskun á náttúru<br><b>Viðmið:</b><br>Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020.                     |
| Útivist, tómstundir og ferðamennska   | <b>-</b><br>Urðun á Hóli hefur þegar haft neikvæð áhrif á útivist sem stunduð er í nágrenninu, einkum vegna ásýndar. Jafnframt verður fyrirhugað verslunar- og þjónustusvæði fyrir neikvæðum áhrifum, sérstaklega ef þar verður ferðapjónusta.         | <b>Vísar:</b><br>Aðgengi að útivist og náttúru, þjónustustig og aðgengi að þjónustu.<br><b>Viðmið:</b><br>Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020. |
| Samgöngur                             | <b>0</b><br>Óveruleg áhrif. Aðgengi er gott að urðunarsvæðinu og rekstrarkostnaður því lítill. Almennigur hefur gott aðgengi að losun úrgangs á gámasvæði bæjarins.                                                                                    | <b>Vísar:</b><br>Umferð<br><b>Viðmið:</b><br>Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020.                                                              |
| Efnisleg verðmæti                     | <b>-</b><br>Líklegt er að urðunarstaðurinn hafi neikvæð áhrif á verðgildi þeirra eigna sem standa næst honum. Eins getur útsýni að staðnum haft áhrif á verðgildi viðkomandi eigna.                                                                    | <b>Vísar:</b><br>Eftirspurn<br><b>Viðmið:</b><br>Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020.                                                          |
| Landnotkun                            | <b>-</b><br>Líklegt er að urðun hafi þegar haft neikvæð áhrif á þróun svæðisins. Dregið getur verulega úr þeim áhrifum verði urðun hætt en það er háð því að vandað verði til frágangs svæðisins.                                                      | <b>Vísar:</b><br>Nýtingarsaga<br><b>Viðmið:</b><br>Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020.                                                        |

| Umhverfispættir                    | Framkvæmd deiliskipulagstillögu                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          | Vísar og viðmið                                                                                                                         |
|------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Náttúru- og menningarminjar</b> |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |                                                                                                                                         |
| Menningarminjar                    | --<br>Urðunarstaðurinn er staðsettur mjög nálægt Hólskirkju sem er friðuð samkvæmt aldursákvæði þjóðminjalaga nr. 88/1989. Á Hólsjörð eru skráðir 29 minjastaðir, skv. fornleifaskrá fyrir Bolungarvík. Nálægðin hefur neikvæð áhrif á ásýnd kirkjunnar og nágrennis og eykur hættu á að fornminjar á jörðinni spillist.                                                                                                                 | <b>Vísar:</b><br>Fornleifaskráning<br><b>Viðmið:</b><br>Lög um menningarminjar nr. 80/2012.                                             |
| <b>Landslag</b>                    |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |                                                                                                                                         |
| Ásýnd og menningarlandslag         | --<br>Urðunarstaðurinn hefur neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins og raskar landslagsheildinni sem annars ber sterk einkenni landbúnaðar. Kirkjustaðurinn og hóllinn eru mikilvægt kennileiti í Bolungarvík. Fyrri efnistaka og umrót í landinu brýtur form hólins og urðun samræmist ekki ímynd kirkjustaðar. Raskið er vel sýnilegt víða úr Tungudalnum og frá innri hluta bæjarins, en er í hvarfi frá neðri hluta hans og frá aðkomuleið. | <b>Vísar:</b><br>Landslagsheildir, ásýnd, röskun<br><b>Viðmið:</b><br>Menningarstefna í mannvirkjagerð.<br>Evrópski landslagssáttmálinn |

### 3.5 SAMANBURÐUR VALKOSTA

Ólíklegt er að valkosturinn sem felur í sér að hætta urðun að Hóli og færa hana tímabundið á annan stað, muni hafa minni áhrif en urðun á núverandi stað. Erfitt er þó að meta valkostinn vegna margra óvissuþátta þar sem ekki er um ákveðið svæði að ræða. Að öllum líkindum væri verið að brjóta nýtt land fyrir tímabundna landnotkun. Urðun hefur alltaf einhver neikvæð áhrif í för með sér og því mikilvægt að henni sé fundinn varanlegur staður þar sem áhrifin verða sem minnst. Í valkosti deiliskipulagstillögu er einungis verið að framlengja viðveru á þegar röskuðu landi um tiltekin tíma, þ.e. þar til nýr varanlegur staður finnst.

### NÁTTÚRFARSLEGIR ÞÆTTIR

Ef urðun verður haldið áfram að Hóli, þar til nýr varanlegur staður finnst, er ekki verið að brjóta nýtt land. Deiliskipulagstillagan ætti því ekki að hafa meiri áhrif á gróður og dýralíf en nú þegar hefur orðið. Rannsóknir á mengun í Hólsá sýna að óveruleg mengun á sér stað í ánni af völdum urðunarinnar. Einhver mengunarhætta er þó alltaf til staðar á svæðinu á meðan urðun á sér stað þar. Virk vöktun þarf því áfram að eiga sér stað og að ströngustu verklagsreglum verði fylgt hvað urðun varðar.

Ef urðun yrði flutt tímabundið á nýjan stað væri að öllum líkindum verið að brjóta nýtt land með tilheyrandi röskun og neikvæðum áhrifum á náttúru og dýralíf.

### HAGRÆNIR OG FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR

Urðunarstaðurinn er nokkuð miðsvæðis í vikinni og gott aðgengi er að honum. Þetta er jákvætt fyrir ákveðnar atvinnugreinar en neikvætt fyrir aðrar, s.s. verslanir og þjónustu. Nálægðin hefur einnig neikvæð áhrif á útivist í nágrenninu, sérstaklega hvað varðar ásýnd og neikvæð áhrif á verðgildi eigna í nágrenninu. Auk þess er staðsetningin óheppileg vegna nálægðar við kirkjuna og kirkjugarðinn. Staðsetningin getur einnig haft neikvæð áhrif á þróun svæðisins en ef urðunin færi annað og frágangur yrði vandaður gæti dregið verulega úr þeim áhrifum.

### NÁTTÚRU- OG MENNINGARMINJAR

Einn helsti ókostur núverandi staðsetningar urðunarstaðarins er nálægð hans við Hólskirkju en hún er friðuð vegna aldurs. Á Hólsjörð er auk þess að finna 29 minjastaði sem gætu spillst ef urðun yrði aukin á svæðinu. Hvað menningarminjar varðar er æskilegt að urðun verði fundinn annar staður í framtíðinni.

Engar náttúruminjar eru í hættu.

### LANDSLAG

Staðsetning urðunarstaðarins raskar landsлагаheildinni á svæðinu sem annars ber sterk landbúnaðareinkenni. Fyrri efnistaka og umrót í landinu brýtur form hólins en kirkjustaðurinn og hóllinn eru mikilvæg kennileiti í Bolungarvík. Urðun samræmist heldur ekki ímynd kirkjustaðar. Raskið er vel sýnilegt víða úr Tungudalnum og því er mikilvægt að við frágang svæðisins sé hugað sérstaklega vel að landmótun og ásýnd þess.

## 3.6 NIÐURSTAÐA UMHVERFISMATS

Urðunarstaðurinn á Hóli hefur neikvæð áhrif á umhverfið, einkum á ásýnd landslags, ímynd kirkjustaðarins og menningarminjar. Einnig hefur hann neikvæð áhrif á ýmsa hagræna- og félagslega þætti en lítil sem engin áhrif á náttúrufarslega þætti, heilsu og öryggi.

Mest af þeim neikvæðu áhrifum sem fylgja þessari staðsetningu hafa þegar komið fram. Það er því ekki líklegt að framlenging urðunar til skamms tíma auki neikvæð áhrif.

Mikil óvissa er um áhrif tímabundinnar urðunar á nýjum stað. Ljóst er þó að ef nýr urðunarstaður er aðeins til skamms tíma verða umhverfisáhrifin meiri en ef urðað er áfram á núverandi stað. Með því væri verið að raska nýju landi með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á umhverfið fyrir tímabundna notkun.

Fyrri efnistaka og umrót í landinu hafa breytt landformi á Hóli. Til að laga ásýnd og heildarsvip svæðisins er því mikilvægt að hugað verði sérstaklega að landmótun og ásýnd svæðisins við frágang þess. Með því að lengja notkun staðarins um tvö ár, má nýta tímann í endurmótun hólins og almennan frágang. Með því móti má draga verulega úr þeim neikvæðu áhrifum sem vera urðunarstaðarins hefur nú þegar haft.

Að ofansögðu er deiliskipulagstillagan því metin ásættanleg m.t.t. umhverfisáhrifa. Mikilvægt er þó að lágmarka neikvæð áhrif með mótvægisáðgerðum og vakta áhrif mengunar frá svæðinu.

### MÓTVÆGISÁÐGERÐIR

Til að lágmarka neikvæð áhrif af urðunarstaðnum skal leggja áherslu á umhverfissjónarmið og vistvænar lausnir. Mikilvægar mótvægisáðgerðir felast í mótun landsins og frágangi svæðisins þannig að svæðið falli sem best að menningarlandslaginu.

Tryggja skal að framkvæmdir hafi sem minnst áhrif á lífríkið í ánni. Sýna skal sérstaka aðgát við umrót á svæðinu, einkum á svæðum þar sem áður hefur



verið urðað. Tryggja skal að hugsanleg mengun frá eldri úrgangi berist ekki í Hólsá. Ef vart verður við mengandi úrgang skal hann fjarlægður og fargað með viðeigandi hætti, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða eða Umhverfisstofnun eftir því sem við á. Vöktun á mengunarinnihaldi í Hólsá skal haldið áfram á meðan á urðun og frágangi stendur.

Gerð skal mæliáætlun um vöktun á frárennsli frá urðunarstaðnum.

Hefja skal vinnu við svæðisáætlun meðhöndlun úrgangs, þannig að viðunnandi lausn í förgun úrgangs verði fundinn fyrir árslok 2020.

## 4 DEILISKIPULAG

Deiliskipulagið tekur til urðunarstaðar í landi Hóls ásamt lóð fyrir varavatnshreinsistöð. Á urðunarstaðnum er einungis gert ráð fyrir urðun á óvirkum úrgangi, jarðgerð og efnislosun til frágangs. Gert er ráð fyrir að urðun verði hætt fyrir árslok 2020 og að gengið hafi verið frá svæðinu fyrir ársbyrjun 2022. Lóð vatnshreinsistöðvar er varanleg.

### 4.1 URÐUN

Afmörkun urðunarsvæða er sýnd á deiliskipulagsuppdraetti.

Heimilt er að urða allt að 500 t af óvirkum úrgangi á Hóli á ári. Þær tegundir úrgangs sem heimilt er að urða á urðunarstaðnum eru eftirfarandi:

- Óvirkur úrgangur, sbr. lista í viðauka II með reglugerð um urðun úrgangs nr. 738/2003.
- Annar óvirkur úrgangur, sem uppfyllir útskolunarpróf fyrir óvirkan úrgang, sbr. viðauka II með reglugerð um urðun úrgangs nr. 738/2003.

Heimilt er einnig að jarðgera eða endurvinnna garðaúrgang og annan lífrænan úrgang á svæðinu.

Leitast skal við að lágmarka það magn sem urðað er með því að koma sem mestu af úrgangi í endurnýtingu eða endurvinnslu.

Óheimilt er að urða almennan úrgang eða spilliefni. Öll brennsla úrgangs á urðunarstaðnum er bönnuð.

Daglega skal þekja allan úrgang sem getur fokið með þekju sem hindrar aðgang meindýra og fok af svæðinu.

Eftir að urðunarreinar hafa verið fylltar skulu þær huldar jarðvegslagi eða lagi úr sambærilegu efni, minnst eins metra þykku, þannig að regnvatn renni greiðlega af urðunarreinunum en sigist ekki ofan í úrganginn.

Áhersla er lögð á snyrtilega umgengni á vinnslutíma. Heimilt að setja upp tímabundna fókgröðingu ef þarf. Ekki er gert ráð fyrir að afgirða svæðið en að aðgangur verði þó takmarkaður með hliði á aðkomuvegi.

Fyrir árslok 2020 skal urðunarstaðnum lokað og frágangi svæðisins skal lokið innan árs.

### 4.2 EFNISVINNSLA

Efnistaka á svæðinu er óheimil. Þó er heimilt að nýta efni á svæðinu til landmótunar innan skipulagssvæðisins.

Efnislosun er heimil að því tilskyldu að efnið sé nýtt til landmótunar og frágangs svæðisins í samræmi við kafla 4.8 um frágang og 4.3 um mengunarvarnir.

### 4.3 MENGUNARVARNIR

Móttaka úrgangs til urðunar skal vera í samræmi við reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang nr. 184/2002. Tryggja skal að úrgangurinn uppfylli móttökuskilyrði fyrir óvirkan úrgang. Spilliefni sem kunna að berast skal fjarlægja og koma til viðkenndrar spilliefnamóttöku.

Komið skal í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginn. Beina skal yfirborðsvatni frá urðunarstaðnum og tryggja að annað vatn safnist ekki í urðunarsvæðið.

Tryggja skal að úrgangur og annað efni sem er meðhöndlað á svæðinu geti ekki fokið þaðan.

Hakka og tæta skal lífrænan úrgang og blanda með stoðefni með reglulegum hætti, þannig að full loftun náist í úrganginn. Úrgangur sem hætta er á að fjúki eða að meindýr sæki í skal þakinn með moltu eða stoðefni. Ef vart verður við ólykt frá jarðgerðinni skal lofta efnin betur og blanda meiri stoðefnum í úrganginn eða á annan hátt draga úr ólyktinni.

Lágmarka skal ónæði í aðliggjandi byggð, s.s. vegna umferðar og ryk- og hávaðamengunar á framkvæmdatíma. Hávaði skal vera í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

Sýna skal sérstaka aðgát við umrót á svæðinu, sérstaklega á svæðum sem áður hefur verið urðað á. Tryggja skal að hugsanleg mengun frá eldri úrgangi berist ekki í Hólsá. Ef vart verður við mengandi úrgang skal hann fjarlægður og fargað með viðeigandi hætti, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða eða Umhverfisstofnun eftir því sem við á.

Vöktun á mengunarinnihaldi í Hólsá skal haldið áfram á meðan á urðun og frágangi stendur.

## 4.4 UMFERÐ

Gert er ráð fyrir að aðkoma að svæðinu verði áfram um Kirkjuveg. Gert er ráð fyrir að vegurinn liggji áfram í gegnum skipulagssvæðið að núverandi vegi um aðliggjandi landbúnaðarsvæði. Þaðan er aðkoma að vatnshreinsihúsinu.

Frá veginum er gert ráð fyrir einni heimreið að urðunarstaðnum. Heimreiðinni skal lokað með hliði sem hindrar óviðkomandi umferð að staðnum. Heimreiðin skal fjarlægð samhliða frágangi urðunarstaðarins eftir lokun hans.

## 4.5 LÓÐ OG BYGGINGARREITUR

Gert er ráð fyrir 1730 m<sup>2</sup> lóð fyrir núverandi vatnshreinsistöð. Heimilt er að stækka stöðina í allt að 100 m<sup>2</sup> innan byggingarreits. Hámarkshæð byggingar er 4,5 m. Heimilt er að girða lóð vatnshreinsistöðvarinnar. Áhersla er lögð á snyrtilegan frágang og umgengi.

Ekki er gert ráð fyrir afmörkun lóðar fyrir urðunarstaðinn. Engar byggingar verða í tengslum starfsemina á staðnum.

## 4.6 VERNDUN

Austasti hluti skipulagssvæðisins er innan hverfisverndarsvæðis H3. Huga skal að nálægð urðunarstaðarins við hverfisverndarsæði bæði á meðan svæðið er í notkun sem og við frágang þess.

Ákvæði hverfisverndar eru:

- Tryggja skal að hugsanlegar fornminjar og menningarverðmæti spillist ekki.
- Tryggja skal að framkvæmdir spilli ekki möguleikum á að gera sögu svæðisins sýnilega.
- Hverfisverndin hefur ekki áhrif á núverandi landnotkun nema ef talið er að fornminjar geti spillst.

## 4.7 FORNMINJAR / MENNINGARMINJAR

Engar fornminjar eru skráðar innan skipulagssvæðisins. Stærstur hluti þess er raskaður vegna fyrri urðunar og efnisvinnslu. Hafi minjar verið á þessu svæði er því líklegast að þær séu horfnar.

Ef fornminjar finnast við framkvæmdir á svæðinu skal stöðva þær án tafar og tilkynna til Minjastofnunar Íslands, í samræmi við 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar.

Fornminjum, sbr. 3. mgr. 3. gr. ofangreindra laga, má enginn spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Friðhelgað svæði umhverfis fornleifar er 15 metrar, í samræmi við 22. gr. sömu laga.

## 4.8 FRÁGANGUR

Ganga skal um skipulagssvæðið með það í huga að um tímabundna landnotkun er að ræða. Innan eins árs frá lokum urðunarstaðarins skal svæðið fullfrágengið. Lögð er áhersla á snyrtilegan umgengi á vinnslutíma og vandaðan frágang þegar staðnum verður lokað.

Landið skal mótað eins og sýnt er á skýringaruppdrætti. Lögð er áhersla á að landform falli sem best að hólnum. Línur skulu vera ávalar og forðast skal skarpar brúnir og kverkar. Leitast skal við að afmá öll ummerki eftir tæki utan vega og umferðasvæða. Landið skal grætt með grasi sem fellur vel að aðliggjandi túnum. Æskilegt er að nota búfjáraður og annað lífrænt efni frá landbúnaði til uppgræðslunnar, en tryggja skal að efnið innihaldi ekki mengun sem getur borist í Hólsá.

Fyllt skal í skurði sem ekki þjóna lengur tilgangi á svæðinu.

## 4.9 GRÓÐUR

Megináhersla er lögð á að svæðið verði grætt með grasi sem fellur vel að aðliggjandi túnum.

Heimilt er að rækta trjágróður á svæðinu en tryggja skal að hann breyti ekki ásýnd Hólskirkju eða hólins sem kennileiti. Tryggja skal einnig að trjágróður spilli ekki hugsanlegum fornminjum.

Ekki er heimilt að nota ágengar tegundir, eins og skógarkerfil og lúpínu, til uppgræðslu á svæðinu. Leitast skal við að hefta útbreiðslu þeirra á uppgræðslusvæðinu.

## 4.10 NÁTTÚRUVÁ

Hluti skipulagssvæðisins liggur utan þess svæðis sem hefur verið metið m.t.t. hættu vegna ofanflóða. Vinnu á því svæði skal haga m.t.t. hugsanlegrar hættu

á ofanflóðum, s.s. með því að stýra nýtingu svæða eftir árstíðum og/eða snjósöfnun ofan þeirra.

## 4.11 VÖKTUN

Á meðan á urðun og efnisvinnslu stendur, skal vakta áhrif á lífríki Hólsár með viðurkenndum hætti.

Eftir að starfsemi urðunarstaðarins lýkur skal lokun og vöktun vera í samræmi við 23. og 24. gr. reglugerðar um urðun úrgangs nr. 738/2003.

## 5 HEIMILDIR

Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða (2017). *Sigvatn frá Urðunarstaðnum Hóli Bolungarvík 2012-2017. Sigvatnsmælingar frá Urðunarstaðnum Hóli Bolungarvík mars 2017*. Bolungarvík.

Landsskipulagsstefna 2015-2026.

Menntamálaráðuneytið (2007). *Menningarstefna í mannvirkjagerð. Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist*.

Náttúrufræðistofnun Íslands (1996). *Válisti 1. Plöntur*. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Náttúrufræðistofnun Íslands (1996). *Válisti 2. Fuglar*. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Náttúrufræðistofnun Íslands. *Vistgerðir*. Vistgerðakort sótt á kortasjá NÍ í júlí 2017.

Náttúruverndarráð (1996). *Náttúruminjaskrá 7. útgáfa*. Reykjavík: Náttúruverndarráð.

Ragnar Edvardsson (1996). *Fornleifaskráning í Bolungarvíkurkaupstað. Fyrsti hluti. Kaupstaðurinn og jarðirnar næstar honum*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses. FS021-86021.

Ragnar Edvardsson (1997). *Fornleifaskráning í Bolungarvíkurkaupstað. Annar hluti. Hanhóll, Gil, Tunga, Meirihlíð, Minnihlíð, Ós*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses. FS021-86021.

Ragnar Edvardsson (2000). *Fornleifaskráning í Bolungarvíkurkaupstað. Lokaskýrsla*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses. FS120-96023.

Sigríður K. Þorgrímsdóttir (ritstj.), (2012). *Samfélag, atvinnulíf og íbúðapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun*. Byggðastofnun 2012.

Umhverfisstofnun (2006). *Starfsleyfi fyrir urðun á óvirkum úrgangi í landi Hóls í Bolungarvík*. Reykjavík 15. maí 2006.